

# Tinova Traditional Allround Oil

## Pallaolía

### Efnislýsing

Tinova Traditional Allround Oil er pallaolía sem hefur einstaka eiginleika til að smjúga vel inn í við og hindrar þannig rakaupptöku, minnkar sprungumyndun og viðheldur náttúrulegu útliti viðarins. Tinova Traditional Allround Oil er ætluð til notkunar á mismunandi tegundir viðar utanhúss, s.s. furu, greni, sedrus og lerki. Hún fæst glær og í mörgum litum.

### Meðhöndlun

1. Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viðnum). Gráma, fúa, óhreinindi og gamla olíu skal pússa niður í ferskan við eða þvo með Tinova Wood Cleaner. Ef um minni háttar óhreinindi er að ræða á olíubornum pöllum (enginn grámi) dugir að nota þörunga- og mygluhreinsi.
2. Skolið hreinsiefnið vel af með vatni. Nýr þrýstífúavarinn viður þarf að standa í nokkra mánuði og brjóta sig (svo saltið í gagnvörminni hreinsist út). Þrífið viðinn síðan vel með pallahreinsinum Tinova Wood Cleaner. Nýjan, láréttan við er ráðlegt að slípa eftir þornun, t.d. með sandpappír nr. 100.
3. Látið flötinn þorna áður en Tinova Traditional Allround Oil er borin á.
4. Berið á eina til tvær umferðir af Tinova Traditional Allround Oil; þörfin veltur á því hve vel viðurinn metast. Athugið að mikilvægt er að þurrka burt umframolíu eftir 10-20 mínútur svo ekki myndist filma á viðnum. Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast að búa til færsluskil (aukalitstyrk) á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun.
5. Þegar litstyrkurinn er orðinn nægilegur skal velja minni litstyrk eða jafnvel glært næst þegar borið er á flötinn.

### Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan fárra klukkustunda eftir lok verks. Málið aldrei þegar hitastig er undir 5°C eða við hátt rakastig (>80%).

### Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Tegund:** Alkýðolía

**Þurrefni:** 45%

**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 8 klst

**Yfirmálun:** 16 klst

**Hiti við málun:** minnst +5°C, mest +25°C

**Rakastig:** 40-80%, kjörakastig 65%

**Þynning:** Hreinsuð terpentína

**Verkfæri:** Penslar, kústar, rúllur

**Þekja:** 8-10 m<sup>2</sup>/l á nýjan við, 10-12 m<sup>2</sup>/l á við sem áður hefur verið borið á

**Umbúðir:** 1, 2,5 og 5 lítra dósir

**Hreinsun:** Hreinsuð terpentína

**Geymsla:** Í frostfríu rými

### Umhverfi

Tinova Traditional Allround Oil er merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnun skóga með sjálfbærum hætti.